

Reglugerð um (1.) breytingu á reglugerð nr. 432/2017 um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs fiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

5. málsl. 10. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarrikiseftirlit og framkvæmd þess.

2. gr.

1. mgr. 11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, IV. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar og VI. kafla laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Við mat á brotum skal litið til reglna NEAFC um stjórn og eftirlit, eftir því sem við á.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. apríl 2021.

Kristján Þór Júlíusson
sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.